

**99** allt að 5000.00 krónum nema þyngri refsing liggji við að lögum, og rennur sektarféð í 10. júní sveitarsjóð.

Nú vanrækir maður að vinna verk, er heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, og er þá nefndinni heimilt, að láta vinna það sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, með lög taki, ef þörf gerist.

Enn fremur er lögreglustjóra heimilt eftir beiðni heilbrigðisnefndar, að stöðva starfsemi, er fellur undir samþykkt þessa, um stundarsakir, ef ekki er bætt úr ágöllum að gefinni aðvörun.

50. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skulu fara að hætti opinberra mála.

51. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Fellur þá jafnframt úr gildi heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp og Búðardalskaupþún í Dalasýslu nr. 139 frá 30. nóv. 1910.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest framanrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu, er hreppsnefndin hefur samþykkt.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júní 1960.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

**100** Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarstjóð Jónatans Guðmunds-  
10. júní sonar frá Víkum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 10. júní 1960.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jónatans Guðmundssonar, frá Víkum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Jónatans Guðmundssonar, frá Víkum.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru eftirláttnar eigur Jónatans Guðmundssonar, Lækjarbakka, gefnar með erfðaskrá, dags. 1. jan. 1931.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms í iðnaði eða verklegum listum, frændur Jónatans heitins Guðmundssonar af Víknaætt, karla og konur, afkomendur Árna Guðmundssonar bónda í Víkum í Skagahreppi, bróður gefandans, heimilisfasta í

Skagahreppi. Nú er ekki um neinn umsækjanda eða styrkþega að ræða, er uppfyllir framangreind skilyrði, og má þá veita styrk úr sjóðnum efnilegum umsækjendum öðrum, sem heima eiga í Skagahreppi. **100**  
10. júní

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins er í höndum hreppsnefndar Skagahrepps undir eftirliti sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu, og skal hreppsnefndin ávaxta hann í Sparisjóði Húnavatnssýslu, eða á annan jafn tryggan hátt.

EKKI MÁ ÚTHLUTA ÚR SJÓÐNUM FYRR EN HÖFUÐSTÓLL HANS ER ORÐINN KR. 20000.00 — tuttugu þúsund — og má þá verja  $\frac{3}{4}$  af vaxtatekjum hans til úthlutunar. A. m. k.  $\frac{1}{4}$  vaxtanna skal leggjast við höfuðstólinn árlega, svo og það fé, sem ekki er úthlutað árlega.

## 5. gr.

Leita skal staðfestingar Stjórnarráðs Íslands á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar A-Húnavatnssýslu, 3. maí 1960, samkvæmt tillögum hreppsnefndar Skagahrepps í samræmi við ákvæði arfleiðsluskrár.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 30. maí 1960.

Guðbrandur Ísberg.

## REGLUGERÐ

### um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Suður-Þingeyjarsýslu og Húsavík.

**101**

13. júní

## 1. gr.

Almennar samkomur má ekki halda á samkomustöðum í Suður-Þingeyjarsýslu (sveitum né kaupst.), nema að fengnu leyfi sýslumanns Þingeyjarsýslna eða bæjarfógeta Húsavíkur. Skal hann jafnframt ákveða hvort löggæzla skuli vera á skemmtisamkomunni. Forstöðumenn slíkra skemmtisamkvæma skulu sækja um leyfi til skemmtanahalds eigi síðar en 4 dögum áður en halda skal.

## 2. gr.

Dómsmálaráðherra getur að fengnum tillögum sýslumanns löggilt einstaka löggæzlu menn, er skulu hafa eftirlit með skemmtunum, hver á sínu löggæzlu-svæði.

En löggæzlu svæðin eru þessi:

1. Húsavík og Tjörneshreppur.
2. Reykja-, Aðaldæla- og Reykdælabreppar.
3. Skútustaðahreppur.
4. Bárðdæla-, Ljósavatns- og Hálsahreppar.
5. Grýtubakka- og Svalbarðsstrandahreppar.
6. Flateyjarhreppur.

Löggæzlu menn skulu, er þeir hafa fengið tilkynningu frá sýslumanni (eða bæjarfógeta) um að skemmtun með löggæzlu hafi verið leyfð á þeirra löggæzlu-svæði, mæta á skemmtistaðnum, er skemmtun á að hefjast og dvelja þar, þangað